



E-4 Ljósleiðari Borgarbyggðar

VERKFUNDARGERÐ				
Verkheiti Lagning ljósleiðara í Borgarbyggð		Verkkaupi Borgarbyggð		Verknúmer
Fundarefni Verkfundur		Fundarstaður Símafundur		Nr. fundar #11
Fundarboðari Guðmundur Daníelsson	Fundarritari Guðmundur Daníelsson	Fundardags. 01/04/2020	Fundartími 10:00	Dags. Fundarg. 01/04/2020
Fundarmenn Eiríkur Ólafsson (EÓ) Guðmundur Daníelsson (GD) Skarphéðinn Hilbert Ingason (SI) Sævar Eiríksson (SE) Sævar Geir Hallvarðsson (SGH) Þórdís Sif Sigurðardóttir (PS)		Fyrirtæki Borgarbyggð Borgarbyggð Heflun ehf Borgarbyggð SH-Leiðarinn ehf Borgarbyggð		
Fjarverandi Sigurjón Hallvarðsson (SH)		Fyrirtæki SH-Leiðarinn ehf		
Dreifing Fundarmenn		Fyrirtæki		
Dagskrá Fundar Skv. fundarboði		Dagsetning næsta fundar 15/04-2020	Tími næsta fundar 10:00	
Staða fundargerðar <input type="checkbox"/> Í vinnslu <input checked="" type="checkbox"/> Drög til yfirlstrar <input checked="" type="checkbox"/> Lokið				

Nr.	Dagskrárliðir	Ábyrgð / ags.
1.	Undirritun verkfundargerðar undangengings verkfundar Rýnd verkfundargerð síðasta verkfundar hefur verið send verktaka til undirritunar skv. samþykktu ferli undirritunar símafunda. GD fór yfir helstu atriði sem snúa að símafundi, kynnti inn á fundinn sveitarstjóra Borgarbyggðar og fór stuttlega yfir hlutverk fundarmanna, sveitarstjóra til upplýsinga.	
2.	Útistandandi mál frá síðasta verkfundi GD spurðist fyrir um GPS mælingar. Að sögn SI er umfang þess sem þurfti að lagfæra meira en búist var við. Mælingar fóru fram með þremur mælitækjum, eitt þeirra reyndist bilað og því hefur þurft að endurtaka tiltekna mælingar. Sú vinna stendur yfir og gengur vel að sögn SI. Niðurstöður og endanleg gögn er að vænta á næstunni. SI sagði frá því að búíð er að einfalda mælingaferlið á þann hátt að einn aðili sér nú um allar mælingar, úrvinnslu þeirra og frágang. SGH fór yfir athugasemdalista sem GD sendi. Verið er að vinna í þeim athugasemdum. Endurtaka þarf tiltekna ODTR mælingar og farið verður í þá vinnu í beinu framhaldi af mælingum við áfanga 2. Uppfærð kerfismynd hefur verið send verktaka þar sem áfangi 1 kemur fram. Önnur mál ekki útistandandi.	
3.	Framgangur við þá áfanga sem unnið er við Mælingar á áfanga 2. Búíð er að mæla áfanga 2 og því sem lokið er í áfanga 3. Verið að vinna í úrvinnslu mælinga og lagfæringu á því sem reyndist ekki uppfylla gæðakröfur skv. útboðsgögnum. Engin jarðvinna á sér stað þessa dagana og beðið verður með athugun á því, fram yfir páska, hvenær hægt er að hefja störf að nýju. Verið er að rýna áfanga 1 og verktaki staðfestir að áfangi 1 verði næstur á dagskrá. SGH óskar eftir að fá senda pdf myndir af tengistöðum ásamt yfirlitsmynd af áfanga 1. GD sendir.	GD


S


GD



E-4 Ljósleiðari Borgarbyggðar

4. Næstu skref og áfangar Lokið verður við mælingar og úrbótalista í þeim áföngum sem vinnu er lokið. Undirbúningur við lagningu á áfanga 1.	
5. Önnur mál er varða efni fundarins	
6. SI spyr um afgreiðslu á innmælingum til Vegagerðar, hvort óskað sé eftir því að verktaki útbúi gagnapakka vegna þessa. GD fór yfir afgreiðslu gagna til Vegagerðar. Hingað til hafi Vegagerðinni verið send heildarlega af kerfinu eftir að það er lagt og það hafi mælst vel fyrir hjá Vegagerðinni enda fái Vegagerðin heildaryfirsýn yfir kerfið á þann hátt í stað þess að klippa úr þeim gögnum einungis það sem að þeim snýr. Sama fyrirkomulag verði viðhaft nú, eftir að gögn berast verkkaupa frá verktaka. SI fagnaði þessu fyrirkomulagi og taldi það mjög gott samborið við það sem hann hefur kynnst annarsstaðar.	
7. GD sagði frá samskiptum við RARIK og að í undirbúningi væri framkvæmdaráætlun RARIK fyrir árið 2020. RARIK er upplýst um ákvæði í útboðsgögnum sem snýr að samlegð með ljósleiðara og rafstrengjum. Hins vegar hafi RARIK síðasta orðið hvað það varðar að nýta sér þetta. GD upplýsir verktaka um niðurstöður viðræðna við RARIK eftir að þær liggja fyrir.	
10. Fleira ekki rætt.	


Samþykki verktaka


Samþykki verkkaupa